

**Nr. 025 / 13 Sægrímur GK 525*****Skipverji slasast í andliti***

Skipaskr.nr. 2101  
Smíðaður: Njarðvík 1990 Stál  
Stærð: 34,38 brl 77 bt.  
Mesta lengd: 19,12 m Skráð lengd: 17,28 m  
Breidd: 4,8 m Dýpt: 1,18 m  
Vél: Volvo Penta 220 kW 1990  
Fjöldi skipverja: 5



Sægrímur ©Skip.is

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 27. september 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirprúði Alfreðsdóttur

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 25. janúar 2013 var Sægrímur GK 525 á netaveiðum 10 sml norður af Garðskaga. Veður: Hægviðri

Skipverjar voru að setja upp úrgreiðsluborð og tók einn þeirra upp stálbita, til að setja hann á sinn stað í undirstöðu borðsins. Rakst þá bitinn í andlit annars skipverja sem á sama tíma hafði beygt sig niður til að taka upp annan bita.

Við höggið brotnaði úr nokkrum tönnum í munni slasaða.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.